

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 25. maí 2023

Tilvísun: 202305074 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi vegna íbúðarsvæðis ÍB5 við Hafnarbraut á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur, með erindi dags. 28. apríl 2023, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 29. mars 2023, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að marka stefnu um aukinn þéttleika á íbúðarbyggð ÍB5 og stækka reitinn til austurs til þess að bregðast við skorti á íbúðarhúsnæði á Höfn.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

